



hann hafi neytt áfengis við bifreiðarakstur, en hitt er aftur á móti ekki sannað, gegn neitun hans, að að hann hafi verið ölvaður.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkv. forsendum lögregluréttardómsins, ber að staðfesta dóm-inn, þó þannig, að vararefsingin verði 12 daga einfalt fangelsi og að greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, meðal annars sóknar- og varnarlaun í hæstarétti og eru þau ákveðin 50 kr., hvor um sig.

#### Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að vararefsingin verði 12 daga einfalt fangelsi og greiðslufrestur sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað, þar með talið málflytningskaup sækjanda og verjanda, málflytningsmannanna Stefáns Jóh. Stefáns-sonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ólafi Jónssyni bifreiðarstjóra, Fálkagötu 11 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 56 frá 1926, um notkun bifreiða, og áfengislaganna nr. 64/1928.

Málavextir eru þeir sem hér segir: Hinn 4. september síðastl. kom á lögreglustöðina Sigurþór Sigurðsson, matsveinn á Þórólfi og skýrði frá því, að hann hefði sunnudaginn 1. september verið í útreiðatúr á Sámsstaðaengjum í Fljótshlíð, ásamt 4 börnum sínum, einni telpu úr Reykjavík og konu að

austan. Mætti þeim þá bifreiðin R.E. 512. Raðaði ríðandi fólkið sér á vinstri vegarbrún, en ekki var hægt að komast út af veginum. Er bifreiðin kom á móti þeim, kom hún dálítið við fótinn á fremsta hestinum og þrjónaði hann upp og kastaði af sér telpunni, sem á honum sat, og meiddist hún lítið eitt í öxlum, en bifreiðin stöðvaðist þegar. En við þetta kom ókyrð á hina hestana og fældust þeir og ein kona að austan datt af baki og út í skurð. Kærandi hefir skýrt svo frá, að farþegar þeir, sem komu út úr bifreiðinni hafi verið mjög drukknir og sér hafi sýnst bifreiðarstjórinn ætla að detta, er hann kom út, en hann kvaðst ekki hafa talað neitt við hann, með því að hann fór strax upp í bifreiðina aftur og ók burt.

Kærði í þessu máli kveðst hafa farið áætlunarferð austur í Fljótshlíð á bifreiðinni R.E. 512, hinn 1. september, voru með 7 farþegar, er hann ekki þekkti. Varð hann var við, er þeir komu austur að Ölvesá, að þeir voru með áfengi, og kveðst hann í Flóanum tvisvar hafa sopið á brennivinsflösku hjá þeim farþega, sem sat fram í. Annað áfengi kveðst hann ekki hafa bragðað, en drakk eina öflösku eftir þetta. Kveðst hann ekki hafa fundið á sér vín, hvorki er hann mætti fólkinu á Sámstaðaengjum né endranær allan daginn, er hann ók til Reykjavíkur um kvöldið.

Hinn einasti farþegi, sem til hefir náðst, sem var í bifreiðinni með kærðum, hefir verið leiddur sem vitni í máli þessu. Hann hefir borið það, að hann hafi séð kærðan súpa á flösku hjá farþegunum eftir að þeir voru komnir austur fyrir Ölvesá, en sá ekki hve oft hann gjörði það. Þessi farþegi fór úr bifreiðinni á móts við Sámstaði í Fljótshlíð, og virtist honum sem hann sæi vín á bifreiðarstjóranum, er hann skilaði honum far-seðlinum, en hann kveður bifreiðarstjóran hafa ekið gætilega og mjög hægt, ef hann mætti einhverjum og kveðst ekkert hafa haft út á akstur hans að setja.

Með framangreindu framferði sinu hefir kærður, sem ekki hefir áður gjörzt brotlegur við áfengislögin eða bifreiðarlögin brotið gegn 5. gr. bifreiðarlaganna og 20. gr. áfengislaganna, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin 125 króna sekt, sem renni í rikissjóð og afplánist með einföldu fangelsi í 10 daga verði hún eigi greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Með tilliti til þess, að ökuskirteinið hefir verið tekið af kærðum síðan 4. sept., þykir hæfilegt að að sviifta hann leyfi, til þess að stýra bifreið í 4 mánuði frá

lögbirtingu dóms þessa að telja. Einnig greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óparfur dráttur orðið.

---

Föstudaginn 14. marz 1930.

Nr. 7/1930.

**Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)  
gegn

**Halldóri Halldórssyni** (L. Jóhannesson).

Brot gegn tilskipun.

Dómur lögreglu réttar Vestmannaeyja 22. nóvbr. 1929: Kærði, Halldór Halldórsson frá Stokkseyri, á að vera sýkn í máli þessu af kærnum hins opinbera.

Málskostnaður greiðist af almanna fé.

### **Dómur hæstaréttar.**

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 18. marz f. á. kærði einn af hásetum á vélbátnum Gullfoss, sem haldið var úti frá Vestmannaeyjum vetrarvertíðina 1929, yfir því, að báturinn væri lekur, bjargtæki engin og vélin oft í ólagi. Varð þetta til þess, að lögreglustjórinn útnefndi 2 menn til að skoða bátinn. Lýsa skoðunarmennirnir bátnum þannig, að efsta byrðingsborðið stjórnborðsmegin að aftanverðu hafi klofnað á ca. 2ja metra löngum kafla þannig, að rifan sé mikið opin og borðin gengin á misvíxl, og geti því orsakað mikinn leka, að þilfarið sé lekt á nokkrum stöðum, frágangur á lestarlúkum mjög slæmur, stýrisveifin laus á stýrinu, engin bjargbelti fylgi bátnum og einn bjarghringur, sem í bátnum hafi verið, með ónýtri klæðningu og sé því ónothæfur, áttaviti ó-ábyggilegur, að minnsta kosti vanti talsvert af vökva á hann og þokulúður alónýtur.